

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Norðurþingi.

Fiskeldisstöð Rifóss að Lóni, breytt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 1. desember 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöð Rifóss að Lóni. Deiliskipulagsbreytingin felst í að byggingarreitur C stækkar og heimilt er að byggja ný hús/ker við hliðina á núverandi mannvirkjum. Bætt er við þeim skilmálum að grunnflötur húsa yfir öll ker er að hámarki 10.000 m² en það hús sem þegar hefur verið byggt yfir ker reitsins er um 1.800 m². Bætt er við nýjum byggingarreit (H) þar sem heimilt er að byggja allt að fimm 100 m² íbúðarhús/starfsmannahús á einni hæð. Innan byggingarreits F breytast skilmálar fyrir hámarks vegg hæð úr 3 m í 4,4 m og mænishæð úr 5,5 m í 7 m. Hámark byggingarmagns eykst um 200 m².

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 24. mars 2023.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 11. apríl 2023